

Aðalfundur AkureyrarAkademíunnar ses, 28. maí 2015

Skýrsla formanns, Skafta Ingimarssonar, að loknu níunda starfsári, 2014-2015.

Velkomin á aðalfund AkureyrarAkademíunnar í húsnæði félagsins í Árholti – Háhlíð 1 á Akureyri. Í upphafi fundarins vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn Akademíunnar fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu, en stjórnina skipuðu þau Skafti Ingimarsson formaður, Þóra Pétursdóttir, gjaldkeri, og Sigurgeir Guðjónsson ritari. Að auki sátu þau Arndís Bergsdóttir, Guðmundur Árnason, Jakob Þór Kristjánsson og Valgerður S. Bjarnadóttir í fulltrúaráði. Óhætt er að fullyrða að síðastliðið starfsár hafi markað tímamót í starfsemi Akureyrar-Akademíunnar. Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, sem stofnað var á Akureyri árið 2006, var lagt formlega niður um áramót, en AkureyrarAkademían ses. tók þá við rekstri og starfsemi félagsins. Hvað starfsemina varðar tel ég óhætt að fullyrða að stjórninni hafi tekist að snúa vörn í sókn og tryggja starfsemi stofnunarinnar til næstu ára. Í þessu samhengi vil ég nefna nokkur atriði sérstaklega.

Rekstrarfyrirkomulagið.

Eins og flestir viðstaddir vita þá hefur stjórn AkureyrarAkademíunnar lengi barist fyrir leiðréttingu á rekstrarframlagi ríkisins til handa starfsemi félagsins. Markmið stjórnarinnar hefur verið að gera langtímasamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárframlög til starfseminnar. Ráðuneytið hefur hins vegar sett það skilyrði fyrir slíkum samningi að AkureyrarAkademían verði sjálfseignarstofnun. Með þetta í huga hélt stjórnin áfram undirbúningi að stofnun sérstakrar stofnunar um rekstur félagsins. Þessari vinnu lauk þann 7. ágúst þegar sýslumaðurinn á Sauðárkróki samþykkti skipulagsskrá fyrir Akureyrar-Akademíuna. Í kjölfarið gaf Fyrirtækjaskrá síðan út kennitölu fyrir nýju stofnunina sem hlaut nafnið AkureyrarAkademían ses.

Þegar hér var komið sögu ákvað stjórn félagsins að kanna hug félagsmanna til þess hvort starfrækja bæri Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi áfram eða leggja félagið niður. Niðurstaðan var sú að leggja félagið niður og að AkureyrarAkademían ses. tæki alfarið við rekstri og starfsemi félagsins. Þann 19. nóvember var haldinn aðalfundur í Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Á fundinum lagði formaður félagsins fram lagabreytingu sem heimildaði stjórn félagsins að færa allar eignir og skuldir félagsins inn á reikning AkureyrarAkademíunnar ses. og slíta félaginu að því loknu á aðalfundi í desember.

Tillagan var samþykkt. Síðasti aðalfundur Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var haldinn 29. desember og var félaginu þá slitið endanlega með formlegum hætti. Síðar sama dag var stofnfundur AkureyrarAkademíunnar ses. haldinn í Árholti. Á fundinum var skipulagsskrá stofnunarinnar samþykkt og síðan kosið í stjórn og fulltrúaráð. Skafti Ingimarsson var kjörinn formaður, Þóra Pétursdóttir gjaldkeri og Sigurgeir Guðjónsson ritari. Að auki voru þau Arndís Bergsdóttir, Guðmundur Árnason, Jakob Þór Kristjánsson og Valgerður S. Bjarnadóttir kjörin í fulltrúaráð. AkureyrarAkademían ses. tók síðan til starfa af fullum krafti 1. janúar árið 2015.

Fjármálin.

Eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnar AkureyrarAkademíunnar ses. frá áramótum var að ganga frá langtímasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárframlög til handa stofnuninni til næstu ára. Þessi vinna bar árangur og 15. maí síðastliðinn skrifuðu fulltrúar menntamálaráðuneytisins og AkureyrarAkademíunnar ses. undir samning um ráðstöfun rekstrarframlags á fjárlögum til næstu þriggja ára. Samningurinn, sem tekur mið af samningi ráðuneytisins við ReykjavíkurAkademíuna frá árinu 2014, gildir frá 1. janúar árið 2015 til 31. desember árið 2017. Engar upphæðir eru nefndar í samningnum, enda er ráðuneytinu óheimilt að gera slíkt nema heimild liggi þegar fyrir á fjárlögum. Samt sem áður er ráð fyrir því gert að stofnunin fái 2,3 milljónir króna við undirritun samningsins og 2 milljónir króna til viðbóta sumarið 2015. Þá hefur ráðuneytið þegar lagt til við fjármálaráðuneytið að rekstrarframlag ríkisins til handa AkureyrarAkademíunni ses. verði 8 milljónir króna árið 2016 og aftur 8 milljónir króna árið 2017. Þannig er í raun gert ráð fyrir því að stofnunin fái 20,3 milljónir króna til starfsemi sinnar á næstu þremur árum.

Hvað fjárframlög Akureyrarbæjar til AkureyrarAkademíunnar varðar þá hefur lítið gerst í þeim málum. Afstaða bæjaryfirvalda hefur verið sú, að Akademían gangi fyrst frá samningi við ríkisvaldið áður en rætt verði um möguleika á samningi milli bæjarins og Akademíunnar. Nú þegar samningur hefur verið gerður milli ríkisvaldsins og Akademíunnar er hins vegar ekkert lengur því til fyrirstöðu að hefja slíka samningaviðræður við stjórnendur Akureyrarbæjar. Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjórinn á Akureyri, er velviljaður stofnuninni og hefur ekki útilokað að hægt sé að ná samningi sem er ásættanlegur fyrir báða aðila.

Starfsemi félagsins:

Ef vikið er að starfsemi AkureyrarAkademíunnar á síðasta starfsári þá hefur hún verið með hefðbundnu sniði. Skafti Ingimarsson hélt áfram að vinna fyrir stofnunina gegn 50.000 króna verktakagreiðslu á mánuði, en í því fólst meðal annars að ljúka umræddum samningi við menntaráðuneytið. Sigurgeir Guðjónsson hafði umsjón með fyrirlestraröð félagsins gegn 200.000 króna verktakagreiðslu. Þá hafði Valgerður S. Bjarnasóttir einnig umsjón með ráðstefnuhaldi á vegum stofnunarinnar gegn 200.000 króna verktakagreiðslu.

Hvað innri starfsemi AkureyrarAkademíunnar varðar þá gekk hún vel. Rekstur húsnæðisins í Árholti gekk samkvæmtt áætlun, en leigutekjur stóðu undir rekstri húsnæðisins. Vinnuaðstaðan í Árholti var fullnýtt, en 17 einstaklingar höfðu að jafnaði vinnuaðstöðu í húsnæðinu, þar af 5 doktorsnemar og 3 meistaranemar. Hvað vinnuaðstöðuna varðar þá lagði stjórnin sig fram um að bæta hana eftir getu með því að kaupa bæði skrifborð og hillur fyrir húsfólk. Ljósleiðari hefur verið lagður inn í húsið og gengið frá reglulegum þrifum. Stjórnin hefur gengið frá samningi við endurskoðunarfyirtækið KPMG um bókhald og endurskoðun á reikningum félagsins. Innbú félagsins er tryggt, en húsið sjálft er vaktað af Securitas.

Ef vikið er að starfsemi AkureyrarAkademíunnar út á við er ljóst að hún hefur verið að eflast. Tvennt stendur hér upp úr. Í fyrsta lagi fyrirlestraröð Akademíunnar og í öðru lagi ráðstefnan sem haldin var í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Fyrirlestraröð Akademíunnar fór fram í Deiglu í Listagilinu í vetur. Alls voru haldnir 6 fyrirlestrar. Helga Kress fjallaði um kynferðislegt ofbeldi sem undirrot Natansmála, Auður M. Auðardóttir og Íris Ellenberger veltu fyrir sér jafnréttisbaráttu í margbreytilegu samfélagi, Guðrún Ásmundsdóttir gerði grein fyrir sögu íslenskra ljósmæðra, Helgi Gunnlaugsson fjallaði um muninn á afbrotum karla og kvenna, Ármann Jakobsson velti því fyrir sér hvaða geðsjúkdómur hrjáði Sigurð Jórsalafara og loks gerði Björn Þorláksson grein fyrir frelsi og helsi íslenskra prentmiðla. Allir fyrirlestrararnir heppnuðust vel, enda fór aðsóknin fram úr björtustu vonum.

Ráðstefnan *Eldsumbrot og samfélag* var haldin í samvinnu við Háskólann á Akureyri þann 20. mars síðastliðinn. Kristín Jónsdóttir fjallaði um eldsumbrotin í Bárðarbungu, Kristín Jóhannsdóttir sagði söguna á bak við Eldheima í Vestmannaeyjum, Hjalti Hugason greindi áhrif Skaftárelda á samfélagið á Síðunni, Margrét Hallmundsdóttir velti fyrir sér áhrifum Heklugosa á byggð í Rangárvallasýslu, Sigurður Bergsteinsson fjallaði um gosösku og fornleifafræði og loks sögðu hjónin Guðný A. Valberg og Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri frá upplifun sinni af eldgosinu í Eyjafjallajökli. Ráðstefnan heppnaðist vel og vonir standa til þess að önnur ráðstefna verði haldin þegar á næsta ári.

Loks má geta þess að stjórnin hefur þegar ákveðið að styrkja málþingið *Og svo fengu þær að kjósa*, sem haldið verður á Akureyri haustið 2015 í tilefni þess að 100 ár eru nú liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Stefnt er að því að málþingið marki upphaf fyrirlestraraðar Akademíunnar á næsta starfsári.

Verkefni framundan

Þegar litið er yfir starfsemi AkureyrarAkademíunnar á liðnu ári er ljóst að grundvallar-breytingar hafa verið gerðar á starfseminni. Breytt rekstrarfyrirkomulag ásamt nýgerðum samningi AkureyrarAkademíunnar ses. við mennta- og menningarmálaráðuneytið gera stofnuninni kleift að sækja enn frekar fram á næstu árum. Að mínu mati eru þrjú atriði mikilvægust. Í fyrsta lagi þarf Akademían að ráða til sín starfsmann í hlutastarf, verkefnisstjóra eða framkvæmdastjóra, og efla starfsemi sína þannig enn frekar. Í öðru lagi þarf Akademían að ganga frá samningi við Akureyrarbæ varðandi fjárveitingar til handa stofnuninni á næstu árum. Og í þriðja lagi þarf stofnunin að efla bæði innri og ytri starfsemi sína með því að bæta vinnuástöðuna í Árholti, styrkja verkefni sem húsfólk vinnur að eftir föngum og standa fyrir ennþá öflugra fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi í bæjarfélaginu. Takist þetta er ekkert því til fyrirstöðu að AkureyrarAkademían ses. vaxi og dafni á komandi árum.

Skafri Ingimarsson.